

## 10. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn á Teams, þriðjudaginn 6. apríl 2021 kl. 17:00

Mættir: Arnar Ólafsson, Kristinn Arason, Guðbjörg Snorradóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Þór Ólafsson, Ragnar Magnús Þorsteinsson, Rakei Másdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Sigurður Hrafn Pétursson, Þorbjörg Gísladóttir, Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir og Sæunn Viggósdóttir  
Forföll boðaði: Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir,

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Fimleikabing – frestun

Lagt til að fresta Fimleikabingi fram á haust en undirbúa og vinna gögn eins og það verði haldið í vor.

Tillaga samþykkt

### 2. Fagnefndir – stutt yfirferð frá hverri nefnd

Þorbjörg kynnir fyrir hönd TKV og TK að verið sé að vinna að nýjum íslenskum fimleikastiga. Það er á áætlun að kynna vinnuna fyrir félögunum í maí.

Hún fer einnig yfir mótahaldið, hvort það eigi að fresta mótum eða fella þau niður.

Fjárhagsáætlun Verður send á stjórn fyrir næsta stjórnarfund.

Ragnar Magnús kynnir starf TH. Endurröðuðu mótatímabilinu með tillit til dagsetningu á Evrópumótinu. Tækninefndin vill keppa oftar til að vera sýnilegri en það er ekki endilega í samræmi við hagsmuni iðkendanna og er nefndin búin að finna lausn á því með því að keppa bæði í mjúka lending en ekki bara í harða keppislendingu. Nefndin er einnig að búa til hvata til þess að færa hóp fimleika á Íslandi á hærra level getulega séð. Nefndin vill stýra yngri flokkum betur til þess að fá betri fimleikamenn upp í meistaraflokka. Nefndin er einnig að endurskoða leyfin fyrir þreföld heljarstökk.

Nefndin er að skoða kynjaskiptingu í íþróttinni og vill stofna vinnuhóp um hvernig er hægt að útfæra það að sleppa kynjaskiptingu í flokkunum.

Verið er að bíða eftir nýjum samkomutakmörkum til þess að sjá hvort möguleiki er á að klára þau tvö mót sem eftir voru í hóp fimleikum á vorönninni.

Rakei Másdóttir kynnir störf FFA nefndar FSÍ. Verið er að búa til viðburðarkerfi fyrir næsta tímabil fyrir alla og er ekki verið að einblýna á keppni. Nefndin hefur fengið kynningu frá Írlandi, en þeim hefur gengið vel með sambærilegt verkefni. Verið er að vinna þetta og mun byrja næsta haust.

Sigurður Hrafn kynnir störf TK. Verið er að setja upp plan fyrir alþjóðlegum dómara en það hefur ekki gengið vel þar sem að verið er að fella niður viðburði og mikil óvissa. Nefndin gerði skoðunarkönnun vegna nýs íslensk fimleikastiga og fékk nefndin athugasemdir frá 6 aðilum. Áætlunin núna er að vera með þjálfarafund í lok apríl og verða drög kynnt seinni hluta maí. Nýr stigi tekur gildi í byrjun næsta keppnistímabils.

### **3. NM 2022 í áhaldafimleikum – dagsetningar**

Lögð er til dagsetningin 1.-3. Júlí 2022, EM fer fram í byrjun ágúst og í norðurlandareglunum ber okkur skylda til að halda norðurlandamót 4-6 vikum fyrir fyrra Evrópumót. Evrópumót var síðast á þessum tíma 2018 og þá héldu Danir norðurlandamót á þessum tíma og það reyndist vel. En þetta hefur auðvitað mikil áhrif á sumarfrí hjá þessum hópi af keppendum.

Tillaga samþykkt.

### **4. Ráðning landsliðsþjálfara í hópfimleikum**

Til upplýsinga.

**Formenn fagnefnda yfirgefa fundinn**

### **5. Rekstrarreikningur – yfirferð og spurningar með Evu Hrund.**

Eva Hrund kynnti rekstrarreikning FSÍ fyrir árið 2020 sem er nánast tilbúinn. Hún kynnti einnig skuldastöðu félaganna fyrir stjórn.

**Fundi slitið kl. 18:13**